

Ed.

177. Nefndarálit

um frv. til laga um stjórn vitamála og um vitabyggingar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með, að frv. nái fram að ganga, en vill taka upp í það efni 7. og 8. gr. frv. sjútvn. Nd. frá vetrarþinginu 1931, sem felldar hafa verið niður við samningu þessa frv. Heldur nefndin fast við, að upp í frv. verði tekið ákvæði um, að árlega skuli verja álika upphæð til vitamála og vitagjaldi nemur, meðan stendur á byggingu vita þeirra, er frv. ræðir um, en leggur þó til, að inn í greinina verði bætt orðunum „ef ástæður ríkissjóðs leyfa“, og er það gert aðallega með tilliti til þess fjárhagsástands, sem nú er.

Tillaga nefndarinnar er því, að frumvarpið verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Á eftir 6. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Vitamálastjóri gerir árlega, í samráði við forstöðumann stýrimannaskólans í Reykjavík og forseta Fiskifélags Íslands, tillögur og áætlun um fjárveitingar úr ríkissjóði til vitamála næstkomandi ár. Skal það gert svo snemma, að ríkisstjórnin geti haft þær tillögur til hliðsjónar, er frv. til fjárlaga er samið.

2. Á eftir fyrirsögn II. kafla komi ný gr., svo hljóðandi:

Verja skal árlega, ef ástæður ríkissjóðs leyfa, álika upphæð til vitamála og vitagjaldi nemur, meðan stendur á byggingu vita þeirra, er ræðir um í 9. gr., ennfremur ef þurfa þykir til sjómerkja, sbr. 11. gr.

3. Við 7. gr.

Á eftir „Faxaskeri“ komi: Loftstaðahól.

4. Á eftir 8. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:

Eftir tillögum vitamálastjóra (sbr. 7. gr.) getur ráðherra, eftir því sem vitafé er fyrir hendi, látið setja upp ný sjómerki og leggja út ný dufl, svo og bæta eldri vita og önnur mannvirki, sem ætluð eru sjófarendum til öryggis.

Greinatala og tilvitnanir í einstakar gr. breytist samkv. atkvæðagreiðslu.

Alþingi, 16. marz 1933.

Ingvar Pálmason,
form. og frsm.

Jakob Möller,
fundaskrifari.

Magnús Torfason.